



Reykjavík 8. apríl 2021

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis
Austurstræti 8-10

Frumvarp til laga um félög til almannaheilla, 603. Mál
Umsögn Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Undirritaður, f.h. stjórnar Slysavarnafélagsins Landsbjargar (SL) veitir eftirfarandi umsögn um frumvarp til laga um félög til almannaheilla, 603. mál.

Umsögn

Stjórn Slysavarnafélagsins Landsbjargar (SL) fagnar framlagningu frumvarpsins og tekur undir mikilvægi þess að félögum sem starfa að almannaheill sé skapað samræmt laga- og reglugerðarumhverfi.

Stjórn SL gerir ekki athugasemdir við frumvarpið í heild sinni enda hafa flestar athugasemdir við eldra frumvarp sama efnis náð fram að ganga og birtast í þessu frumvarpi. Stjórn SL telur þó rétt að ítreka enn og aftur mikilvægi þess sem getið er í greinargerð um 1. gr. frumvarpsins og varðar uppbyggingu félagasamtaka og aðildarfélaga þess;

“Þegar um er að ræða landssamtök þar sem félagsaðilar eru félög sem teljast almannaheillafélög nægir að landssamtökin séu skráð í almannaheillafélagaskrá samkvæmt lögunum.”

Í greinargerðinni er Slysavarnafélagið Landsbjörg sérstaklega nefnt sem dæmi um slík samtök og bent á að aðild að þeim sé í gegnum þær félagseiningar sem að samtökunum standa. Eins og bent var á í fyrri umsögnum um frumvarp sama eðlis þá er það skoðun SL að skráning félagsins (samtakanna) ætti að vera nægjanleg sem fullnaðarskráning félags til almannaheilla enda lúta öll aðildarfélög þess lögum SL og undirgangast siðareglur og aðrar þær reglur sem samtökin setja sér.

Stjórn Slysavarnafélagsins Landsbjargar hvetur eindregið til þess að frumvarp þetta nái nú fram að ganga og verði samþykkt sem lög frá Alþingi sem allra fyrst.

Virðingarfyllst,

Kristján Þór Harðarson

framkvæmdastjóri